



LANGANESBYGGÐ

Fundur í sveitarstjórn

20. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 12. mars 2015 og hófst kl 17:00

Mætt eru: Reynir Atli Jónsson, Dagrún Þórisdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Karl Ásberg Steinsson, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Óskað eftir að bæta inn dagskrárlið sem yrði nr 9 í dagskrá fundarins og nefnist úrsögn úr Atvinnu, menningar og ferðamálanefnd. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 6. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar dags. 11. febrúar 2015**
Lögð fram til kynningar.
- 2. Fundargerð 7. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar dags. 19. febrúar 2015**
Lögð fram til kynningar.
- 3. Fundargerð 4. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar dags. 26. febrúar 2015**

Liður 1. Umsókn um byggingarlóð.

Reynir Atli Jónsson lýsir sig vanhæfan til að fjalla um málið. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða. Reynir vék af fundi og Björn Guðmundur Björnsson tók við fundarstjórn.

Lagt til að sveitarstjórn Langanesbyggðar fresti afgreiðslu Umhverfis – og skipulagsnefndar á umsókn BJ Vinnuvéla um byggingarlóð að Miðholti 18. til næsta fundar. Sveitarstjóra falið að afla frekari gagna um afstöðu lóðarinnar og tengingar í samræmi við umræður á fundinum. Samþykkt samhljóða.

Reynir tók aftur við fundarstjórn á fundinum.

Liður 2. Bréf frá Vegagerðinni dags. 16. og 17. febrúar 2015.

Lagt til að sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykki umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi í námunni Miðfjörður 1 (fastanúmer 20143) og að náman verði sett inn á aðalskipulag. Tillagan borin undir fundinn og samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra ásamt skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Liður 3. Tvö bréf frá Vegagerðinni dags 2. febrúar 2015

Lagt til að sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykki umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi og að eftirfarandi námur verði settar inn á aðalskipulag, Sauðanesháls (19934), Gunnólfsvíkurfjall(20139) og Saurbæjarháls(22714). Tillagan borin undir fundinn og samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra ásamt skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Liður 4. Deiliskipulag forgangsroðun.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og útbúa áætlun um verkefnið. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.

Liður 5. Landamerki fyrir Langanesbyggð.

Þetta verk er hafið og mikilvægt að vinna það áfram í skrefum. Sveitastjóra falið að gera áætlun um verkið og leggja fyrir sveitarstjórn. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

- 4. Fundargerð 5. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar dags 9. mars 2015**
Lögð fram til kynningar.
- 5. Fundargerð 1. fundar starfshóps í urðunarmálum í Langanesbyggð, dags. 5. mars 2015**
Lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn ræddi um starfshópinn og var ákveðið að endurskipuleggja hann. Lagt til að fresta því til næsta fundar. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.
- 6. Fundargerð 826. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags 27. febrúar 2015**
Lögð fram til kynningar.
- 7. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags 9. mars 2015 - Umsögn um frv. til laga um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni, 504. mál.**
Lagt fram til kynningar.
- 8. Boðun XXIX landsþings sambandsins dags. 2. mars 2015**
Lögð fram til kynningar.
N-listinn kom með eftirfarandi bókun:
N-listinn leggur til að Hilma Steinarsdóttir sem kjörinn Landsþingsfulltrúi fari á Landsþingið ásamt sveitarstjóra. Borið undir fundinn, 1 með, 5 á móti og 1 sat hjá.
Meirihlutinn leggur fram eftirfarandi bókun:
Lagt er til að Siggeir Stefánsson verði aðalfulltrúi sveitarfélagsins á XXIX landsþing sambandsins þann 17. apríl og Reynir Atli Jónsson til vara. Borið undir fundinn. 4 með, 1 á móti og 2 sitja hjá.
Skrifstofu falið að senda ný kjörbréf til sambandsins.
- 9. Úrsögn úr Atvinnu-, menningar og ferðamálanefnd Langanesbyggðar dags. 11. mars 2015.**
Gréta Bergrún Jóhannesdóttir hefur óskað eftir því að láta af störfum sem formaður og nefndarmaður í Atvinnu-, menningar og ferðamálanefnd. Sveitarstjórn þakkar henni fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins. Varamaður tekur sæti hennar í nefndinni og á næsta fundi sveitarstjórnar mun verða skipaður nýr formaður. Varaformaður gegnir hlutverki formannsins fram að þeim tíma.
- 10. Úrsögn úr fræðslunefnd Langanesbyggðar dags 9. mars 2015**
Heiðrún Óladóttir hefur óskað eftir því að láta af störfum sem formaður fræðslunefndar Langanesbyggðar og segir sig jafnframt úr fræðslunefnd. Sveitarstjórn þakkar henni fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins. Varamaður tekur sæti hennar í nefndinni og á næsta fundi sveitarstjórnar mun verða skipaður nýr formaður. Varaformaður gegnir hlutverki formannsins fram að þeim tíma.



LANGANESBYGGÐ

11. Umsókn um nýtt rekstrarleyfi dags 5. mars 2015

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi rekstrarleyfi og óskar Jóni Stefánssyni og fjölskyldu til hamingju með reksturinn. Samþykkt samhljóða.

12. Erindi frá Markaðsstofu Norðurlands – Air 66, dags 25. febrúar 2015

Lagt fram til kynningar.

Lagt til að erindið verði sent til umfjöllunar í Atvinnu-, menningar og ferðamálanefnd Langanesbyggðar. Samþykkt samhljóða.

13. Erindi frá Velferðarráðuneytinu vegna tímabundins framlags til styrktar minnstu öldrunarstofnunar dags 4. mars 2015

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn fagnar þessu framlagi og um leið viðurkenningu á þeim kostnaðarlegum annmörkum sem fylgja því að reka litlar öldrunarstofnanir. Samþykkt samhljóða.

14. Sértaekur byggðarkvóti

L-listinn óskaði eftir þessum dagskrárlið og lagði fram eftirfarandi spurningar:

- Hversu mörgum tonnum af sértækum byggðarkvóta er búið að landa á Bakkafirði?
- Hversu mörgum tonnum eru fyrirtæki sem eru með sértækan byggðarkvóta búið að útvega í mótframlag?
- Hversu mörg tonn er búið að vinna á Bakkafirði af sértækum byggðarkvóta?

Verið að afla upplýsinga. Málinu frestað til næsta fundar. Samþykkt samhljóða.

15. Kostnaður 2013 og 2014 vegna vinnu við skólamiðstöð og bókanir sveitarstjórnar 2013 og 2014 þar sem sveitarstjórn samþykkir þann kostnað.

L-listinn óskaði eftir þessum dagskrárlið.

Í fundargögnum kemur fram hversu mikill kostnaður er kominn í hönnun skólamiðstöðvar/leikskóla og sveitarstjóri fór yfir hann. Útlagður kostnaður fyrir utan vinnu sveitarfélagsins er alls 17 milljónir.

Fyrri bókanir sveitarstjórna vegna byggingar skólamiðstöðvar/leikskóla ræddar og voru fundarmenn sammála um að þær hefðu þurft í einhverjum tilfellum að vera ítarlegri. Sveitarstjórnarmenn sammála um að það megi læra af þessu og gera betur í framtíðinni.

Varaoddviti óskaði eftir 5 mínútna fundarhléi.

16. Byggingarnefnd leikskóla

Sveitarstjórn Langanesbyggðar leggur til að byggingarnefnd leikskólans taki til starfa að nýju, ásamt einum fulltrúa frá hverjum lista. Verkefnastjóri nefndarinnar verði sveitarstjóri og mun hann sjá um að boða til næsta fundar nefndarinnar. Afar mikilvægt er að vinnuhópurinn mæti allur í upphafi ásamt einum fulltrúa allra lista til að kom sínum hugmundum á framfæri. Listarnir tilkynni skrifstofu sveitarfélagsins sem fyrst hvaða fulltrúi fer yfir þeirra hönd. Skrifstofu sveitarfélagsins er jafnframt falið að koma fundargerðum byggingarnefndar inn á heimsíðu sveitarfélagsins. Bókun borinn undir fundinn og samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

N-listinn óskar að leggja fram eftirfarandi bókun:

N-listinn óskar eftir að upplýsingar um hlutverk byggingarnefndar komi fram. Hvert er ákvörðunarvald, framkvæmdarvald og fjárveitingarvald hennar? N-listi styður áframhaldandi vinnu en vill skýrara utanumhald um störf byggingarnefndarinnar.

17. Þórsver – viðhald 2015

Sveitarstjórn Langanesbyggðar leggur til að sveitarstjóri verði í sambandi við Almar hjá Faglausnum og að gerð verði kostnaðaráætlun er varðar jarðvegslagnir og frárennsli við félagsheimilið Þórsver sem og kostnaðaráætlun við viðhald á austurvegg hússins. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.

N-listinn leggur fram eftirfarandi bókun:

N-listi leggur til að byrjað verði sem fyrst á því að flytja skólaeldhús úr Veri yfir í Þórsver. Gott eldhús í Þórsveri mun ekki aðeins nýtast skólamötuneyti heldur einnig þeim sem vilja leigja húsið. Með því eykst nýting á Þórsveri. Með því að losa mötuneyti úr Verinu er hægt að koma þar fyrir kennslueldhúsi fyrir grunnskólann. Einnig verður þá hægt að stækka líkamsræktarsalinn og bæta þannig aðstöðu fyrir íþróttaiðkun.

Í sambandi við utanhúss þá vill N-listi leggja áherslu á að upprunalegt útlit hússins haldist og skoðaður verði möguleikinn á að múra húsið að utan.

L-listinn tekur undir bókun N-lista.

18. Rekstraruppgjör janúar 2015

Í rekstraryfirliti fyrir janúar 2015 er mánuðurinn borinn saman við áætlun og við sama tímabil í fyrra. Heildarniðurstaðan er betri en á sama tíma og í fyrra og aðeins betri en áætlun fyrir janúar gerði ráð fyrir. Hins vegar ber að hafa í huga að það á eftir að yfirfara dreifinguna á áætlun 2015 yfir mánuði en kerfið dreifir henni hlutfallslega og því getur þurft að færa einstaka lið til á milli mánuða.

19. Skýrsla sveitarstjóra

Skólaakstur: Málinu er ólokið.

Umsókn um styrk úr orkusjóði. Umsóknin hefur verið kláruð og skilað inn.

Bakkavegur 23. Verkið er komið af stað og er á áætlun. Eitthvað smálegt viðhald verður einnig framkvæmt í leiðinni.

Nýjar fastanefndir. Uppkast af samþykktum hefur verið sent lögfræðingi til yfirlestrar.

Heimsókn á Vopnafjörð. Sveitarstjóri, fyrrum oddviti og Gréta Bergrún fóru í heimsókn á Vopnafjörð og funduðu með forsvarsmönnum sveitarfélagsins og ferðamálafulltrúanum um ferðamál og síðar við forsvarsmenn sveitarfélagsins um sorpmál.

Samstarf Langanesbyggðar og Þekkingarnets Þingeyinga. Sveitarstjóri fór yfir þau verkefni sem hafa verið í gangi eða munu fara í gang á næstu misserum. Samstarfið hefur gengið vel og margt áunnist.



LANGANESBYGGÐ

Lagt til að skýrsla sveitarstjóra verði framvegis send á aðalmenn og varamenn eftir hvern fund. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra þökkuað góð orð til sveitarstjórnarmanna í upphafi skýrslu sveitarstjóra.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:45